

FRÉTTABRÉF VEIÐIFÉLAGS JÖKLUSÁR Á DAL

Pistill formanns

Ágætu félagar! Enn eitt árið hefur safnast í sarp Jöklu okkar sem laxveiðiár. Þó ekki það gjöfulasta hvað veiði varðar. Yfirfall kom upp úr 20. ágúst og það hamlar sölu veiðileyfa í ána að geta ekki séð fyrir með nægum fyrirvara hvenær Háslón verður fullt sem er ekki gott fyrir markaðssetningu. Jákvætt er að enn eykst magn náttúrulegra seiða í ánni. Gefur það vonir um að innan einhvers árafjölda geti hún orðið sjálfbær.



Náttúra Jöklu er stórbrotin og fáar veiðiár á landinu sem státa af jafn tignarlegum veiðistöðum þar sem veiðimaðurinn upplifir smæð sína. Ljós. SBG.

Þar sem veiðifélög eru lögbundin hvílir á þeim mikil ábyrgð. Samkvæmt lögum ber að hafa arðskrá sem skiptir tekjum og gjöldum. Arðskráin sem samþykkt var á aðalfundi 2017 var staðfest af Fiskistofu 29. júní 2017 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 13. júlí 2017. Samþykkt var á aðalfundi 28. apríl sl. að greiða á þessu ári í fyrsta skipti arð samkvæmt þessari arðskrá til veiðiréttarhafa. Greitt verður út í lok árs sem samsvarar 60% af leigutekjum ársins 2018. Þar sem leigutekjur taka mið af fjölda daga sem áin er veiðanleg frá 1. júlí til 30. september liggur ekki fyrir hverjar tekjurnar verða fyrr en eftir að veiðitímabili lýkur. Þar er yfirfallið að gera okkur lífið leitt. Er það síðan ákvörðun hvers aðalfundar að ákveða hversu hátt hlutfall leigutekna fer í rekstur og framkvæmdir á vegum félagsins.

Á aðalfundinum í vor var samþykkt að endurnýja leigusamning við Strengi ehf. Nýi samningurinn gerir ráð fyrir hækkun leigutekna í áföngum á samningstímanum, sem nær til 2026, svo gera má ráð fyrir hækkun arðgreiðslna á næstu árum. Endurnýja þarf þríhliða samning milli Landsvirkjunar, Rannsóknar- og ráðgjafastofnunar hafs og vatna og veiðifélagsins um rannsóknir og vöktun á lífríki árinna en 2018 gildir framlenging samnings um eitt ár. Standa vonir til að gerður verði nýr 5 ára samningur og inn í hann komi búsvæða- og botngerðarmat árinna, mat sem getur orðið grunnur að útdeilingu þeirra 2000 eininga sem frestað var að útdeila við gerð núverandi arðskrár. Átta ára gildistími arðskrárinnar verður fljótur að líða og eftir því sem betri gögn eru til, verður kostnaður við endurskoðun arðskrárinnar lægri. Merking veiðistaða og bætt aðgengi eru nauðsynleg til að gera ána eftirsóknarverðari til veiða. Einnig þarf að huga að umgengni og ásýnd. Rusl og plast á víðavangi er ekki jákvæð auglýsing fyrir okkur sem við ána búum. Við erum aðeins að stíga fyrstu skrefin að framtíð Jöklu sem laxveiðiár. Framtíðin er björt.

Ágætu félagar! Þar sem kosið er á næsta aðalfundi um formann félagsins, þá hef ég ákveðið að gefa ekki kost á mér til áframhaldandi setu í stjórn. Vil ég því nota þetta tækifæri til að þakka veiðiréttarhöfum, meðstjórnendum, leigutaka, rannsóknaraðilum sem og öðrum fyrir gott samstarf og samskipti. Góðar stundir.

Aðalsteinn Jónsson, formaður stjórnar

Frá aðalfundi veiðifélagsins 2018

Aðalfundur Veiðifélags Jökulsár á Dal fyrir árið 2018 var haldinn á Skjöldólfsstöðum 28. apríl sl. Gestir fundarins voru Þröstur Elliðason, fyrrisvarsmaður leigutaka, Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri hjá Rannsókn- og ráðgjafastofnun hafs og vatna (áður Veiðimálastofnun), og Jón Helgi Björnsson formaður Landssambands veiðifélaga. Fluttu þeir erindi í upphafi fundarins áður en gengið var til hefðbundinna aðalfundarstarfa. Fyrir fundinum lágu einnig tvö mál, þ.e. ráðstöfun veiðiréttar 2022-2026 með nýjum samningi við Strengi, og tilhögun útgreiðslu arðs samkvæmt samþykkttri arðskrá.

Aðalfundinn sóttu 27 manns að gestum meðtöldum. Fundarmenn fóru með atkvæðisrétt 37 veiðiréttarhafa af 74 og þar af voru skrifleg umboð 22.

Ársreikningur 2017 var samþykktur en helstu niðurstöðutölur hans eru:

Tekjur	2.136.471 kr.
Gjöld	1.473.133 kr.
<u>Fjármagnsliðir</u>	<u>128.852 kr.</u>
Rekstrarafgangur	792.190 kr.
Eigið fé í árslok	6.773.725 kr.

Kosið var um tvö sæti í stjórn og gaf hvorki Þórarinn Hrafnkelsson né Bragi Steinar Björgvinsson kost á sér til endurkjörs. Í þeirra stað voru kosin til 3ja ára Halla Eiríksdóttir og Lárus Brynjar Dvalinsson. Varamenn til eins árs voru kosnir: Þorsteinn Gústafsson (1.), Benedikt Ólason (2.) og Agnar Benediktsson (3.). Litlar breytingar urðu á öðrum sætum.

Nýr leigusamningur við Strengi ehf. var samþykktur samhljóða. Greint er frá helstu atriðum hans hér á öðrum stað í fréttabréfinu.

Tillaga stjórnar um að greiða arð út í árslok fyrir hvert ár sem hlutfall af leigutekjum yfirstandandi árs var samþykkt sem og að hlutfallið skyldi ákveðið á aðalfundi. Þá var samþykkt að greiða 60% af leigutekjum 2018 út í desember. Ekki var tekin umræða á aðalfundinum um það hvort skerða skuli höfuðstól félagsins með arðgreiðslum vegna leigutekna fyrri ára.

Aðalfundinum stýrði Jón Guðmundsson eins og undanfarin ár. Hann lést aðeins fáum vikum síðar svo að félagið mun ekki njóta hans rögg sömu fundarstjórnar að ári.

Fundargerð aðalfundarins er að finna á heimasíðu félagsins, www.jokla.org.

Laxveiðin og seiðasleppingar 2007-2017. Tafla úr skýrslu Veiðimálastofnunar.

Ár	Laxveiði Jökla	Laxveiði Laxá	Laxveiði Kaldá	Laxveiði Fögrh.á	Laxveiði Alls	Fjöldi gönguseiða	Sumaralin smáseiði	1 árs smáseiði
2006					0	4.000		
2007	12	15	75	20	122	40.000		
2008	56	48	59	22	185	41.000	7.000	
2009	35	128	93	63	319	42.700	42.000	
2010	96	91	118	44	349	67.000	25.550	35.000
2011	293	83	131	58	565	55.800	27.050	6.600
2012	177	40	119	49	385	66.100		22.500
2013	282	48	55	26	411	68.000		38.000
2014	186	36	50	34	306	69.500	44.000	21.000
2015	605	61	65	85	816	26.000	23.500	41.600
2016	372	20	82	100	574	33.650		49.000
2017	250	29	37	34	350	28.200	52.400	61.050
Alls	2364	599	884	535	4382	541.950	221.500	274.750

Nýr samningur um veiðirétt við Strengi

Í þeim samningi sem gilt hefur undanfarin ár við Strengi ehf. sem leigutaka árinna var ákvæði um endurskoðun árið 2018 þó að samningurinn gildi til ársloka 2021. Leigutaki fór þess á leit við stjórn veiðifélagsins að fá samning til fimm ára í viðbót. Var það niðurstaða stjórnar að verða við því gegn ákveðnum árlegum hækkunum á leigugjaldi og fara í leiðinni í gagnvera endurskoðun á samningnum, m.a. í ljósi þess hvernig verkaskipting hefur þróast síðustu árin og hvaða breytingar hafa orðið á veiðisvæðinu.

Nýi samningurinn, sem samþykktur var samhljóða á aðalfundinum 28. apríl sl., gildir frá 1. júní 2018 til ársloka 2026. Í honum er kveðið á um að samningsaðilar skuli ræða endurnýjun haustið 2024 og að leigutaki hafi forleigurétt við lok samningstíma.

Tvöföldun á leigugjaldi

Leigugjaldið er bundið við vísitölu neysluverðs en jafnframt mun það hækka um 5% árlega fram til 2021, um 10% árlega 2022-2024 og um 15% árlega 2025 og 2026. Þannig mun leigugjaldið rúmlega tvöfaldast á þessum níu árum fyrir utan vísitöluhækkanir.

Leigugjaldið er áfram bundið við virka veiðidaga þegar ekki er yfirfall við Kárahnjúka og skerðist grunngjaldið í samræmi við hlutfallslegan tíma sem Jökla er veiðanleg þá 92 veiðidaga sem heimildir eru. Af þeim sökum

kemur aldrei í ljós hverjar heildarleigutekjur ársins eru fyrr en síðla árs.

Veiðivarsla er skv. samningnum á kostnað leigutaka en leigusali (veiðifélagið) sér um og kostar merkingar veiðistaða og gerð veiðikorts. Leigusali skal jafnframt sjá um að aðgengi að veiðistöðum verði bætt og sjá um gerð vegslóða ef þurfa þykir. Einnig skal leigusali sjá um aðgerðir til að tryggja fiskför á vatnasvæðinu ef nauðsyn ber til.

Samkvæmt samningnum skal leigutaki sleppa að lágmarki 20.000 gönguseiðum árlega og 10-50.000 sumarseiðum. Sleppingar skulu fara fram sem víðast á vatnasvæðinu.

Ódýr veiðileyfi fyrir veiðiréttarhafa

Í samningnum er ákvæði um það að veiðiréttarhafar skuli eiga þess kost að kaupa veiðileyfi á veiðisvæði árinna á verði sem nemur að hámarki 10% af markaðsverði. Leigutaka er heimilt að setja þá takmörkun á þessi leyfi að þau séu ekki seld með meira en 3ja daga fyrirvara og fjöldi stangardaga fyrir veiðiréttarhafa sem fara með eitt atkvæði sé ekki meira en fjórir stangardagar.

Það er ástæða til að vekja sérstaklega athygli á þessu og hvetja menn til að notfæra sér þetta ákvæði til að veiða í Jöklu og kveikja áhuga yngri kynslóða við ána á stangveiði, t.a.m. í því skyni að ala upp leiðsögumenn framtíðar.

Fyrstu arðgreiðslur væntanlegar í desember

Fréttabréfinu fylgir upplýsingablað sem landeigendur og ábúendur, sem veiðiréttarhafar, eru beðnir um að fylla út. Ástæðan er fyrsta greiðsla á arði sem fram fer í desember skv. samþykkt aðalfundar. Arðurinn verður greiddur út í samræmi við þá arðskrá sem tók gildi á síðasta ári og fylgir einnig með fréttabréfinu. Hver jörð fær sinn hlut af þeim 60% af leigutekjum ársins í samræmi við fjölda eininga í arðskrá. Ljóst er að víða verða þetta ekki stórar upphæðir en heildarleigutekjur síðasta árs námu um 1,8 m.kr. En til þess að geta deilt út arðinum þarf að safna upplýsingum um hverjir skuli taka við greiðslum. Að sumum jörðum standa margir eigendur og því er minnt á ákvæði jarðalaga um fyrirsvarsmenn og slíkt eyðublað látið fylgja.

Stjórn veiðifélagsins hvetur félagsmenn til að standa skil á þessum upplýsingum svo að greiðsla arðs geti gengið greiðlega fyrir sig. Gjaldkeri félagsins, Halla Eiríksdóttir, tekur við þeim upplýsingum og veitir svör ef menn hafa spurningar.

Stjórn og nefndir Veiðifélags Jöklu

Stjórn:

Aðalsteinn Jónsson, Klausturseli
formaður. allij@centrum.is
s. 895-1085

Skúli Björn Gunnarsson, Litla-
Bakka, ritari. skulibg@simnet.is
s. 860-2985

Halla Eiríksdóttir, Hákonarstöðum,
gjaldkeri. hallahakonar@gmail.com
s. 865-0026.

Lárus Brynjar Dvalinsson,
Vörðubrún. allid@live.com
s. 860-2162

Gestur Hallgrímsson, Blöndubakka
blondub@simnet.is
s. 895-8929

Varamenn:

Þorsteinn P. Gústafss., Geirast. 2
Benedikt Ólason, Gauksstöðum
Agnar Benediktsson, Hvanná II

Skoðunarmenn:

Arnór Benediktsson
Jón Helgason
Snæbjörn Ólason, til vara

Kjörbréfanefnd:

Benedikt Ólason, Gauksstöðum
Hallgrímur Þórhallsson, Skriðukl.
Þorsteinn P. Gústafss., Geirast. 2
Varamenn:

Benedikt Arnórsson, Hofteigi
Bragi St. Björgvinsson, Eiríksst.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
fréttabréfs: Skúli Björn Gunnarss.

Fréttir úr starfi félagsins

Veiðifélagisdagur - veiði, grill og plock 18. ágúst

Stjórn veiðifélagsins hefur í samráði við leigutaka ákveðið að efna til veiðifélagisdags laugardaginn 18. ágúst. Á honum mun áhugasömum gefast kostur á að kasta fyrir fiski neðan til í Jöklu. Þeir sem hafa meiri áhuga á að plocka rusl eða laga til við ána geta unnið að því en í lok dags verður síðan grillað. Nánari tíma- og staðsetningar verða settar á heimasíðu og látnar berast.

Kynning á fluguveiði og leiðsögn

Eitt af því sem færir fjölskyldum við laxveiðiár tekjur er veiðileiðsögn sem er vel borguð sumarvinna, t.d. fyrir ungt fólk sem er í námi yfir veturinn. Stjórn félagsins vill stuðla að því að ungir íbúar á bökkum Jöklu fái tækifæri til að öðlast þá þekkingu og reynslu sem til þarf. Til stendur að efna til kynningar á fluguveiði og kastkennslu í sumar ef að áhugi er fyrir hendi. Þeir sem hafa áhuga eru beðnir um að setja sig í samband við Skúla Björn ritara félagsins.

Aðgengi veiðistaða og styrkir til landeigenda

Landeigendur hafa víða unnið að slóðagerð til að auðvelda veiðimönnum að komast að veiðistöðum. Veiðifélagið fékk áfram styrk úr Fiskræktarsjóði í ár til þess að bæta aðgengið og geta landeigendur því áfram sótt um styrki vegna slíkra framkvæmda til stjórnar.

Sökum afar erfiðrar aðkomu að einum besta veiðistað árinna, Hólaflúð á milli Hauksstaða og Teigaselis, ákvað stjórn að fara í varanlega stígagerð niður að honum. Standa framkvæmdir yfir um þessar mundir.

Merkingar og veiðikort

Í sumar verða komin upp um 30 vönduð skilti við 30 bestu veiðistaðina. Einnig verður haldið áfram að setja smekklegar veiðislóðamerkingar þar sem á þarf að halda, en állaxarnir sem skreyta staura við þjóðveginn vekja jafnframt athygli vegfarenda á veiðiánni.

Í ár verða prentuð uppfærð veiðikort fyrir Jöklu I og II. Þau eru einnig aðgengileg á vef veiðifélagsins.

Heimasíðan www.jokla.org

Minnt er áfram á vef veiðifélagsins www.jokla.org. Þar er reynt að hafa á einum stað gögn aðgengileg fyrir félagsmenn og miðla upplýsingum um starfsemi. eru félagsmenn hvattir til að fara inn á síðuna og smella á „follow“-hnapp neðst á síðunni til að fá tilkynningu í tölvupósti þegar nýjar fréttir eru settar inn.

MUNUM að rúllubaggaplast er bæði skaðlegt náttúrunni og ímynd veiðiár. **RÆKTUM** ána okkar líka með góðri umgengni og hirðusemi!